



5. október 2023

Tilv.: 2309024

Númer: 36/2023

Dreifibréf til tilkynningarskyldra aðila skv. a - k lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018

b.t. ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Efni: Breytingar á viðmiðunarreglum EBA um áhættuþætti

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gert breytingar á viðmiðunarreglum (e. *guidelines*) um áreiðanleikakannanir viðskiptamanna og þætti sem lána- og fjármálastofnanir skulu hafa í huga þegar þær meta hættu á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem viðskiptasambönd og einstök viðskipti geta haft í för með sér (hér eftir viðmiðunarreglur um áhættuþætti - „Risk Factor Guidelines“), EBA/GL/2021/02).¹

Viðmiðunarreglur um áhættuþætti voru gefnar út þann 1. mars 2021 og tóku gildi þann 26. október sama ár. Viðmiðunarreglur EBA/GL/2023/03 eru til breytingar á framangreindum viðmiðunarreglum um áhættuþætti.

Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka tóku gildi þann 1. janúar 2019, en ákvæði 5. gr. um áhættumat tók gildi þann 1. júní sama ár.

Aðdragandi viðmiðunarreglnanna er sá að í janúar 2022 birti EBA álit um útilokun ákveðinna hópa (e. *de-risking*). Í álitinu var umfang slíkrar útilokunar innan Evrópusambandsins metið og áhrif þess að lána- og fjármálastofnanir neita um viðskipti eða segja upp viðskiptum við einstaka viðskiptamenn eða hópa viðskiptamanna sem tengjast hærrí áhættu af peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Niðurstöður EBA voru þær að útilokun hefði áhrif á ýmsa viðskiptamenn og mögulega viðskiptamenn stofnana, þ.m.t. óhagnaðardrífnum samtökum (e. *not-for-profit organisations*; hér eftir NPOs). EBA hefur tekið skýrt fram að útilokun ákveðinna hópa viðskiptamanna, án þess að tekið sé tillit til áhættu hvers og eins, sé ástæðulaus og kunní að vera merki um árangurslitla áhættustýringu vegna peningþvættis og fjármögnun hryðjuverka.

Breytingar á viðmiðunarreglunum bæta skilgreiningu á óhagnaðardrífnum samtökum við gildissvið upphaflegu viðmiðunarreglnanna. Skilgreiningin er á þá leið að NPOs séu lögaðilar, fyrirkomulag eða stofnun sem stundar fyrst og fremst söfnun og dreifingu fjármuna í þjónustu góðgerðarmála, trúarbragða, menningar, menntunar eða í félagslegum tilgangi.

Breytingin bætir jafnframt við viðauka þar sem fjallað er um áhættuþætti sem tengjast NPOs. Viðaukinn tiltekur til hvaða upplýsinga og þátta lána- og fjármálastofnanir skuli líta við mat á áhættu af peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka vegna viðskiptamanna

¹ [EBA GL 2021 02 - consolidated \(amended by EBA GL 2023 03\) EN.docx \(europa.eu\)](#)

sem eru NPOs eða NPOs sem sækjast eftir fjármálaþjónustu. Þá telur viðaukinn upp hvaða áhættuþátta lána- og fjármálastofnanir skuli horfa til og meta í hverju tilviki fyrir sig, s.s. stjórn, orðspor, hvernig viðkomandi NPO er fjármagnað, hvort að viðkomandi stundi starfsemi í ríkjum þar sem meiri áhætta er af peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, og ef svo er, hvaða upplýsinga afla á til þess að meta áhættuna. Auk þessa eru taldir upp þættir í viðaukanum sem kunna að lækka áhættu af peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samræmdri, skilvirkri og árangursríkari eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands beinir því til tilkynningarskyldra aðila að kynna sér breytingar og viðbætur sem fram koma í viðmiðunarreglum EBA/GL/2023/03 og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Viðmiðunarreglurnar taka gildi 7. nóvember nk. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um hér að framan er fullnægt. Fjármálaeftirlitið mun halda kynningu síðar á efni viðmiðunarreglnanna.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabanka Íslands ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

Helga Rut Eysteinsdóttir
lögfræðingur
háttsemiseftirlit

